

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 29. maí 1984 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Við 74. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Eftir þriggja ára nám eða síðar á námsferlinum geta stúdentar sótt um að verja einu ári til fræðilegs náms á tilgreindu sviði eða til að vinna að rannsóknaverkefni undir eftirliti tilgreinds háskólakennara. Slíku námi skal ljúka með samningu ritgerðar eða prófi og ritgerð, sem metin er til einkunnar samkvæmt reglum sem deildin setur. Hámarks námstími stúdenta, sem verja heilu ári til fræðilegs náms eða rannsóknastarfa, lengist upp í 9 ár.

2. gr.

Við 75. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stúdentar, sem lokið hafa eins árs fræðilegu námi eða rannsóknaverkefni á námsferli sínum, geta auk þess fengið B. S.-gráðu ef kunnátta þeirra á viðkomandi fræðasviði eða rannsóknavinna er talin fullnægjandi að dómi umsjónarkennara og tilgreinds prófdómara.

3. gr.

82. gr. orðist svo:

Hjúkrunarfræði er fjögurra ára nám er lýkur með B. S.-prófi. Hámarkstími er 6 ár. Til þess að flytjast milli námsára má nemandi eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni næsta námsárs á undan og ekki próf frá fyrri námsárum. Námsbrautarstjórn getur veitt undanþágu frá þessum reglum ef sérstaklega stendur á.

Stjórn námsbrautarinnar ákvarðar kennslugreinar, skiptingu þeirra í námskeið og vægi þeirra. Allar breytingar á vægi námskeiða skal tilgreina í kennsluská eða tilkynna á annan hátt eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Til þess að standast próf verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri einkunn en:

1. 4.0 í efnafræði I og II.
2. 6.0 í hjúkrun sjúklunga á handlækninga- og lyflækningadeildum, fæðingarhjúkrun, barnahjúkrun, geðhjúkrun og heilsugæslu.
- Lágmarkseinkunn, 6.0, skal vera í hvorum þætti fyrir sig, bóknámi og verknámi.
3. 5.0 í öðrum námsgreinum.

4. gr.

3. mgr. 91. gr. falli burt.

5. gr.

2. ml. 1. mgr. 108. gr. orðist svo:

Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur prófa í lok haustmísseris 1. árs.

6. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 5. gr. tekur þó ekki til þeirra stúdenta sem stunduðu nám í tannlæknadeild háskólaárið 1983—84.

Menntamálaráðuneytið, 29. maí 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.